

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 41/2006

frá 10. mars 2006

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan
marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2005 frá 8. júlí 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/387/EB frá 21. apríl 2004 um rekstrarsamhæfða, samevrópska þjónustu við opinbera stjórnslu, fyrirtæki og borgara með rafrænni stjórnslu (IDABC) ⁽²⁾ með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 181, 18.5.2004, bls. 25.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist 1. janúar 2006.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Bókun 31 við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2006 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 144, 30.4.2004, bls. 65, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 181, 18.5.2004, bls. 25.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2006

Ákvæði 17. gr. (Fjarvirk gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana í bandalaginu (IDA)) bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:
„Fjarvirk gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana“
- b) Í stað texta 1. mgr. komi eftirfarandi:
„EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1997 taka þátt í verkefnum og starfsemi í tengslum við bandalagsáætlanir sem um getur í a-lið 5. mgr. í samræmi við starfsáætlunina í 3. viðbæti við bókun þessa, og frá 1. janúar 2006 í verkefnum og starfsemi í tengslum við bandalagsáætlunina sem um getur í b-lið 5. mgr., að því marki sem verkefni og starfsemi af þessu tagi styrkja annað samstarf samningsaðila.“
- c) Í stað orðsins „áætlunarinnar“ í 2. mgr. komi orðin „þeirra áætlana“ og í stað orðanna „4. mgr.“ komi orðin „5. mgr.“.
- d) Í stað orðanna „4. mgr.“ í 3. mgr. komi orðin „a-lið 5. mgr.“.
- e) Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 3. mgr.:
„4. EFTA-ríkin skulu, frá upphafi samstarfs um áætlunina sem um getur í b-lið 5. mgr., taka fullan þátt, án atkvæðisréttar, í starfsemi er lýtur að Evrópska efnahagssvæðinu á vegum nefndar um **samevrópska rafræna stjórnsýslu (PEGSCO)**, sem aðstoðar framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna við framkvæmd, stjórnun og mótnun áætlunarinnar, að því er varðar þau verkefni áætlunarinnar sem varða Evrópska efnahagssvæðið.“
- f) 4. mgr. verði 5. mgr.
- g) Eftirfarandi bætist við á undan fyrsta undirlið 5. mgr.:
„a) Að því er varðar þátttöku frá 1. janúar 1997 að telja:“
- h) Eftirfarandi bætist við í lok 5. mgr.:
„b) Að því er varðar þátttöku frá 1. janúar 2006 að telja:
– **32004 D 0387**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/387/EB frá 21. apríl 2004 um rekstrarsamhæfða, samevrópska þjónustu við opinbera stjórnsýslu, fyrirtæki og borgara með rafrænni stjórnsýslu (IDABC) (Stjtið. ESB L 144, 30.4.2004, bls. 65), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 181, 18.5.2004, bls. 25.“